



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Austurlands

Bakka 1
765 Djúpavogi

Djúpivogur, 18. mars 2020
MÍ202001-0105 / 6.09 / P.E.H.

Sveitarfélagið Hornafjörður

Skipulagsfulltrúi
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Efni: Reynivellir II, Sveitarfélagið Hornafjörður - tillaga að deiliskipulagi

Óskað var eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um deiliskipulagstillögu 10ha svæðis við Reynivelli II í Suðursveit, innan Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Meðfylgjandi var skipulagsuppráttur, dagsettur 7.11.2019. Markmið skipulagsins er að reisa hótel á svæðinu auk þess að styrkja þjónustu við ferðamenn og heimamenn, svo sem með vörumerki og eldneytissölu auk ýmis konar afþreyingu. Minjastofnun veitti umsögn um aðalskipulagsbreytingu svæðisins þann 22. mars 2018 (MÍ201801-0037/6.08 / S.B.).

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fara fram áður en gengið er frá aðal- eða deiliskipulagi. Jafnframt segir í 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skuli lagt mat á varðveislugildi svípmóts byggðar og einstakra bygginga með gerð húsakönnunar. Minjastofnun Íslands hefur að auki gefið út reglur nr. 620/2019 um skráningu jarðfastra minja vegna skipulags og framkvæmda en hægt er að nálgast þær á heimasíðu stofnunarinnar.

Svæðið var tekið út af starfsmönnum stofnunarinnar í tengslum við umsögn hennar varðandi breytingu á aðalskipulagi í febrúar 2018. Svæðið sem um ræðir er að mestu framburður Fellsár og er fremur gróðursnautt og flatlent. Við úttektina var að finna minjar nær Hrollaugshólum en það svæðið er utan við skipulagssvæðið sem hér er til kynningar. Stofnunin minnir þó að óheimilt er að raska fornleifum á nokkurn hátt auk þess sem þær njóta 15m friðhelgunarsvæðis skv. 21. og 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Engin hús eða mannvirki eru að finna innan svæðisins.

Skipulagssvæðið er að mestu innan framburðar Fellsár og var það kannað af starfsmönnum stofnunarinnar. Engar þekktar minjar eru að finna innan þess. Rétt er þó að geta þess að utan skipulagssvæðisins er að finna fornleifar sem taka þarf tillit til og ef fyrirhugaðar framkvæmdir ná út fyrir skipulagssvæðið þarf að hafa samráð við

Puríður Elísá
Hardardóttir
Minjavörður Austurlands
thuridur@minjastofnun.is

Minjastofnun vegna þeirra. Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við skipulagstillöguna eins og hún var kynnt stofnuninni. Rétt er þó að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skyld að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Virðingarfyllst,



Þuríður Elísia Harðardóttir
Minjavörður Austurlands

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Skipulagssvið sveitarfélagsins Hornafjarðar (skipulag@hornafjordur.is)

Vakin er athygli á því að sku. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvárdanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sómu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að sku. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.